

Ég get svo svarið það þeir eru eins og maurar út um allt ,

Ég lít upp frá tölvunni og inn um dyrnar rýkur frænka mín .

Og hún heldur áfram maður má nú bara þakka fyrir að drepa ekki einhvern og þeir færa sig ekki einu sinni af götunni þó það komi bíll ,og svo ef maður flautar þá vinka þeir bara eins og þetta séu ættingjar manns .

Ég lít út um gluggann og já við blasti urmull af ferðafólki svo það var viðbúið að það væri skemmtiferðaskip við bryggjuna og jafnvel tvö.

Ég hef undanfarin tuttugu ár búið í þessu gamla fallega húsi á horni Fjarðarstrætis og Mánagötu

Húsið er byggt árið 1874 og gæti alveg fyrir ókunnuga litið út fyrir að vera hluti af safni .

Í árána rás hef ég takt visst orðið mjög vör við fjölgun ferðamanna ,ekki það að ég stundi sérstakar rannsóknir á því heldur liggur það bara í augum uppi .

Ég sit oftast við þennan litla glugga sem er í eldhúsinu mínu ef ég er heima á annað borð og komur ferðamanna við og á þennan glugga hafa stórauðist .Ég skellti í facebookstadus af því tilefni í fyrrasumar .Þar lýsti ég því nokkuð vel að ágangurinn í gluggann væri orðinn svo mikill að ég þyrfti að láta verða að því að mála gluggann og jafnvel mig líka þar sem túristarnir mynduðu hann í bak og fyrir .Ég fékk margar góðar og skemmtilegar ábendingar hvernig ég gæti nýtt mér þessa miklu athygli allt frá því að rukka fyrir myndatökur sitja fyrir á upphlut við gluggann eða hreinlega setja hlera fyrir allt saman.En grín laust þá eru sumir svo kræfir að stinga linsunni beint á glerið og mynda inn og enn aðrir taka þetta skrefinu lengra og kíkja inn um gluggann í orðsins fyllstu merkingu .Þetta truflar mig þó ekki mikið en ég verð að viðurkenna að ég verð tvístígandi þegar ég sé linsuna hvort ég eigi að færa mig eða sitja grafkyrr ,þá man ég eftir því að þetta er mitt hús og ég stunda ekki fyrirsætustörf .

Það er kannski leiðinlegra fyrir þá sem mynda að sitja uppi með aðra en áætlað var á myndunum og mér er enn skemmt þegar ég hugsa til konunnar sem stillti sér upp við gluggann til að láta mynda sig og sonur minn á fullorðinsaldri gekk inn í myndina alveg óvart á handklæðinu einu saman nýkomin úr sturtu.

Ég veit þó um nokkra í nágrenni við mig sem eru ekki eins hrifnir af ferðamönnum á gluggum og hafa hreinlega fengið sér filmu svo það sjáist ekki inn .

Hróður gluggans hefur heldur betur tekið við sér og úr orðið hin besta skemmtun ,til að mynda hafa brottflutt skólasystkini mín flest látið mynda sig við gluggann góða ef þau eru á ferðinni hér fyrir vestan.

En víkjum nú að ferðamönnum og auknum komum skemmtiferðaskipa í kaupstaðinn .

Ég veit ekki hvað veldur þessum auknu skipakomum en vil þó hengja þær að einhverju leyti til þess hvað við eigum skemmtilegan hafnarstjóra sem hefur ekki sparað kynningar á okkur í útlöndum .

Sú landkynning er örugglega hverra krónu virði það er bara spurning um að senda hann sjaldnar .

Ég hef oft velt því fyrir mér hvort við værum alveg tilbúin í þessa vegferð ,og getum við tekið á móti öllu þessu fólki svo vel sé.

Ég held að við þurfum að huga að því hvað er fólk að sækjast í ,eitt sinn var ég þess full viss að það væru eingöngu ellilífeyrisþegar sem hefðu efni á svona siglingu ,en nú sé ég mikla aukningu í barnafólki ,margir en þó ekki allir kaupa sér einhverskonar útsýnisferðir um nágrennið á meðan aðrir ráfa um í hvaða veðri sem er og skoða bæinn.

Ég hef oft hugsað það hvort ég ætti ekki bara að opna húsið og hleypa fólki inn bjóða upp á kaffi og pönnukökur finna mér styrktaraðila og auglýsa borð fyrir tvo.Ég velti líka fyrir mér hver á að borga brúsann á þeirri uppbyggingu sem sannarlega þarf að koma til með auknum komum ferðamanna eru það við bæjarbúar í gegnum bæjarsjóð ,eða viljum við láta þá sem ætla sér að græða á greininni taka þann kostnað á sig af einhverju leiti.Hvaða sanngirni er til dæmis í því að eigendur Hótelis Ísafjarðar ,Hamraborgar og Neista sjái þúsundum ferðamanna fyrir salernisaðstöðu ár eftir ár síðast þegar ég vissi alveg ókeypis .

Eða af því að nú er í tísku að gefa skít í þjóðkirkjuna ,við kannski erum bara að gera það í orðsins fyllstu merkingu með að láta það óáreitt að ferðamenn gangi örna sinna í kirkjugarðinum í hjarta bæjarins .Nú hugsa einhverjir Kolla nú ertu að ýkja því til áréttingar þá hef ég ekki minni mann fyrir þessum upplýsingum heldur en sjálfan staðgengil Guðs séra Magnús Erlingsson sóknarprestinn á staðnum .

Hann hefur reynt allt til að mæta auknum straumi ferðamanna og á góðum degi þegar íbúafjöldi Ísafjarðarbæjar tvö og þrefaldast þá var orðið kaos í kirkjunni og fjölga þurfti starfsfólki til að sinna því ferðafólki sem kom eingöngu til að nýta sér salernin .Fjármagn til kaupa á pappír fór með himinskautum og fór úr örfáum rúllum á mánuði í átta á dag auk annarra hreinlætisvara .Er furða þó menn biðji Guð að blessa Ísland .

Brugðið var á það ráð í kirkjunni að gera bæklinga á mörgum tungumálum og rukka fyrir þjónustuna en menn vildu ekki borga og þar við sat ,prestur okkar ísfirðinga er þekktur fyrir lipurð og liðlegheit en að höfðu samráði við menn í efra ákvað hann að loka fyrir þessa þjónustu .Ekki lagaðist ástandi við það því nú ganga menn örna sinna í kirkjugarðinum sjálfum í skjóli leiða ,og presturinn á þrautseiglu fer reglulega út með 3.lítra af brennheitu vatni og hellir samviskusamlega yfir ófögnuðinn og fær reyndar æfingu í leiðinni „af jörðu ert kominn af jörðu skaltu aftur upp rísa“ í þessari nýtísku moltugerð .Ég ætla að taka það fram að ég fékk leyfi séra Magnúsar til að vitna í hann .

Ég hef líka fyrir því mjög áræðanlegar heimildir að sést hafi til ferðamannasíðast liðið sumar ganga örna sinna í miðbænum á lóðinni á milli Verk vest og Bakarans á miðjum degi .

Þegar það var vitað að ég myndi tala hér þá hef eg fengið fjölmargar ábendingar þar sem íbúar lýsa furðu sinni á stefnu eða réttara sagt stefnuleysi bæjarins ,hér er tekið á móti skipum og fólki í þúsunda vís án þess að kanna hug okkar bæjarbúa í þessari uppbyggingu og vísar þá enn og aftur í þessi gegnsæu stjórnmal sem eru svo mikið í tísku núna og íbúalýðræðið ekki gleyma því .

Svo mikill er atgangurinn að fólki finnst komið nóg ,hér segjast menn vera farnir að kvíða vorinu því það sem var áður bara venjulegur bær vestur á fjörðum breytist í Chicago á bannárunum

Þá er komið að þungamiðju þessa máls .

Hvers vegna er ekki gerð sú krafa á þá sem ætla að nýta sér aukningu ferðamanna til dæmis Ísafjarðabæ og öll þau ferðaþjónustufyrirtæki sem hafa af því tekjur að þeir skapi fólki einhverja lánmarksaðstöðu á þeim áningastöðum sem þeir fara með fólk á .

Ég hef reyndar tekið þessa umræðu á öðrum vettvangi og bent á vöntun á almenningssalernum og var þá kvödd í kútinn af opinberum starfsmanni bæjarins sem benti á salernisaðstöðuna t.d.hér í þessu húsi og niður í neðsta .

Mér reiknast til að frá Edinborgarhúsinu og Neðstakaupstað séu ekki öðrum stöðum til að dreifa nema þá í eigu annarra fyrirtækja .

Ég vil sem íbúi þessa bæjar veg hans sem mestan ,ég vil sjá að við getum byggt upp öflugna ferðaþjónustu og gert okkur atvinnu af henni án þess að verða okkur til skammar í hvert skipti sem vesælum útlendum ferðamanni verður mál .

Og af því að ég sé að hér eru nokkrir úr bæjarstjórninni getur einhver sagt mér hver sér um bekki svo fólk geti tyllt sér augnablik.

Ég held að fyrst og fremst sé það upplifunin sem fólk sækist í og það skiptir máli að taka vel á móti fólki og það skilar sér alltaf í góðri landkynningu .

Ef engin hefur tekið eftir því þá ætla ég að segja það aftur hér og nú að það vantar almenningklósett á Ísafirði og kannski getum við hent smá af hafnargjöldum í nokkrar þissuskálar .

Takk fyrir .